

**Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir**

sér og af þeim skal enginn hafa áhyggjur — ef til er frumlegur neisti í manni kemur hann fram í gegnum rökrétt vinnubrögð. Fyrr eða síðar.

Þessi tregða íslenskra listamanna til að inna af hendi lágmarksskyldur gagnvart skoðendum og listrýnum fer með sanni í taugarnar á mér, enda einsdæmi í heimi sem svo mjög ýtir upplýsingum að fólki og eru hér listhúsin í útlandinu engin undantekning og þá síst af öllu framúrstefnusýningarhúsin. Tók ég t.d. ekki eftir slíkri vanrækslu í einu einasta listhúsi Parísarborgar á sl. sumri, enda dettur engum í hug að bjóða skoðendum upp á slíkt í menningarborginni og frumlegt er það sannarlega ekki. Jafnan liggur fyrir kynning á viðkomandi listamanni í einhverju formi, — tíu línur í einfaldri sýningarskrá geta sagt heilmikið, og því merkilegra sem sýningarnar eru, þeim ítarlegri er kynningin iðulega. Gefur það kannski auga leið?

■ ***KOMIN*** er út hjá **Máli og menningu** endurprentun á bók **Astrid Lindgren og Ilon Wikland Víst kann Lotta að hjóla. Ásthildur Egilsdóttir** þýddi.

■ ***LEIKJABÓK*** fyrir smáfólk eftir **Rod Campbell** er komin út hjá **Máli og menningu.** Í bókinni eru léttir námsleikir fyrir yngstu börnin og er ætlað að kenna liti, lögun hluta og bókstafina svo eitthvað sé nefnt.

■ ***VEISTU hvað fullorðna fólkið gerir á kvöldin?*** er litmyndabók sem sem **Mál og menning** hefur sent frá sér. Bókin er þýdd úr norsku og segir hvað fullorðna fólkið þarf að snúast í mörgu eftir að börnin geta farið að hvíla sig. Bókin er 32 blaðsíður og er prentuð í Danmörku.

■ ***NM UNG*** er flokkur barna- og unglingabóka sem kemur út í ódýrri útgáfu hjá **Máli og menningu.** Bæði er um endurútgáfur vinsælla verka að ræða og nýjar þýðingar.

■ ***ÆVINTÝRI litla tréhestsins*** heitir bók sem nú kemur út í þessum flokki. Bókin er eftir **Ursula Moray Williams**, breskan höfund sem er þekktur víða um heim, og myndskreyting er eftir **Joyce L. Brisley. Sigríður Thorlacius** þýddi söguna sem kom fyrst út 1954.

■ ***Í NM-UNG*** flokknum kemur líka út unglingabókin **Átök við afturgöngur** eftir breska rithöfundinn **Gillian Cross.** Við æfingar á skólaleikriti, sem á bakgrunn í Viktoríutímanum, gerast undarlegir atburðir. **Guðlaug Richter** þýddi söguna sem er 208 blaðsíður og myndskreytt.

■ ***ANNA í Grænuhlíð 2*** er komin út í flokknum **NM-UNG** hjá **Máli og menningu.** Hér er Anna orðin barnakennari og hefur tekið að sér tvö munaðarlaus börn. Rómantíkin blómstrar alltaf í kringum Önnu þó hún hyggist ekki sjálf gifta sig í nánustu framtíð. **Axel Guðmundsson** þýddi.

## Kammersveit Reykjavíkur:

# Tónleikar í Áskirkju

**LAUGARDAGINN 2. desember nk. heldur Kammersveit Reykjavíkur tónleika í Áskirkju og hefjast þeir klukkan 17. Á efnisskránni verður Oktett í F-dúr eftir Franz Schubert. Tónleikarnir verða fyrstu tónleikar sveitarinnar í Reykjavík á þessu starfsári, sem er hið sextánda hjá Kammersveitinni. Starfsárið er þó löngu hafið því Kammersveitin hefur átt annríkt í haust. Hún lék verk Atla Heimis Sveinssonar, „Á gleðistundu", við vígslu Borgarleikhússins þann 20. október og í lok október fór Kammersveitin í tónleikaferð til Bretlands og hélt ferna tónleika með verkum íslenskra og erlendra höfunda við góðar undirtektir.**



Morgunblaðið/Sverrir Vilhelmsson

**Kammersveit Reykjavíkur.**


Í vetur einkennast tónleikar sveitarinnar af verkum eftir Franz Schubert og verða þrjú stærstu kammerverk hans flutt: Oktettinn, sem fluttur verður á tónleikunum á laugardag, strengjakvintettinn og Silungakvintettinn, sem verða á dagskrá seinna í vetur. Hinir hefðbundnu jólatónleikar verða í ár helgaðir tvíleikskonsertum fyrir blásturshljóðfæri og koma þar fram margir af okkar fremstu hljóðfæraleikurum sem einleikarar. Kammersveitin hefur fengið Paul Zukofsky til landsins til að leiðbeina með flutning Oktettsins og leikur hann einnig með á fiðlu.

Tónleikarnir á laugardaginn verða helgaðir minningu Péturs Þorvaldssonar, sellóleikara, sem lést 1. október sl. Pétur var einn af stofnendum Kammersveitar Reykjavíkur og tók virkan þátt í störfum hennar meðan kraftar hans entust.


NETTARI, KRAFTMEIRI OG FULLKOMNARI


SAMSUNG

örbylgjuofn




JÓLATILBOÐ NR. 1

18.980,- stgr.



Utanmál 485 breidd × 297 hæð × 325 dýpt.

17 lítra

600w eldunarorka

5 hitastillingar

60 mín. klukka

JAPIS

BRAUTARHOLTI 1 · KRINGLUNNI · AKUREYRI · STUDIO KEFLAVÍK

FLJÓTT · FLJÓTT AUGLÝSINGASMIÐJA